



IVR

Verkefnabanki fyrir  
neytendafræðslu í skólum

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

### Inngangsorð

Á fundi norrænna ráðherra á sviði neytendamála sem haldinn var 24. janúar 1996 var samþykkt framkvæmdaáætlun um neytendafræðslu í skólum. Markmiðið með fræðsluáætluninni er að stuðla að aukinni þekkingu norrænna ungmenna á mállefnum fjölskyldna sinna í velferðarsamfélagi nútímans.

Til að fylgja eftir þessari norrænu framkvæmdaáætlun var skipaður samráðshópur með fulltrúum viðskiptaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Neytendasamtakanna en viðskiptaráðherra fer með neytendamál hér á Íslandi. Hefur hópurinn ásamt fulltrúa frá Kennslumiðstöð Kennaraháskóla Íslands unnið að því að koma með tillögur til að fylgja eftir ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar. Niðurstaða þeirrar vinnu er útgáfa verkefna sem dreift skal í alla grunnskóla landsins og samræmist það vel markmiðum norrænu framkvæmdaáætlunarinnar. Verkefni þessi er að finna á meðfylgjandi geisladiski en einnig hefur verið útbúin mappa þar sem hægt er að geyma verkefnið í prentformi. Að auki munu verkefnið verða aðgengileg á netinu.

Námsefni þetta er gefið út af iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti en samband íslenskra viðskiptabanka styrkti útgáfuna með rausnarlegu fjárframlagi. Fulltrúar Kennslumiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands, menntamálaráðuneytis og Neytendasamtakanna hafa einnig lagt hönd á plóginn með vinnuframlagi sínu.

Það er von mín að kennarar við alla grunnskóla landsins munu sjá sér hag í því að nota meðfylgjandi námsefni við kennslu sína og bæta þar með kunnáttu nemenda í neytendamálum en það eru mál sem snerta alla þegna samfélagsins. Nútímasamfélag breytist stöðugt og nauðsynlegt er að undirbúa börn og unglínga fyrir þátttöku í störfum samfélagsins.

Finnur Ingólfsson  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra